

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Lautarvegur 38, 40, 42 og 44.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 24. nóvember 2016, breytingu á deiliskipulagi neðan Sléttuvegar vegna lóðanna nr. 38, 40, 42 og 44 við Lautarveg. Í breytingunni felst breyting á húsgerð úr raðhúsi (4 íbúðir) í tvíbýlishús (8 íbúðir) og færslu á lóðarmörkum Lautarvegar 34, 40 og 42 um 0,5 m til vesturs þannig að lóðin Lautarvegur 38 minnkar um 0,5 m og lóðin Lautarvegur 44 stækkar um 0,5 m. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bergþórugata 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 14. desember 2016 breytingu á deiliskipulagi reits 1.190.2, Njálsgötu-reits 2, vegna lóðarinnar nr. 5 við Bergþórugötu. Í breytingunni felst fjölgun íbúða í fjórar að hámarki og heimilt verður að byggja við húsið bæði að vestan- og austanverðu innan byggingarreits, þó verður hluti viðbygginga inndreginn og bætt við svölum á suðurhlið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lokastígur 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 22. desember 2016 breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.2, Lokastígsreits, vegna lóðarinnar nr. 3 við Lokastíg. Í breytingunni felst m.a. stækkun byggingarreits, fjölgun íbúða út tveimur í þrjár, setja svalir á þak fyrirhugaðrar viðbyggingar og á norðurhlið hússins ásamt kvisti o.fl. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 28. desember 2016.

Björn Axelsson.